



Fundargerð 258.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 10. febrúar 2021 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnahúsinu við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Skipulag Oddeyrar.

Gerð hefur verið óveruleg breyting á rammaskipulagi fyrir Oddeyri að kröfu skipulagsstofnunar. Stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs hefur ítarlega fjallað um skipulag á Oddeyrtanga og á allra síðustu árum sent frá sé umsagnir í þriggung. Því vill stjórn HN ítreka umsögn sína varðandi rammahluta aðalskipulags Akureyrar fyrir Oddeyri frá 2. október 2015 og umsögn HN dagsett 23. mars 2017 á tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og að lokum ítarlega umsögn frá 23. október 2019 vegna skipulagslýsingar vegna aðalskipulagsbreytingar á Akureyri. Stjórn HN fagnar jafnframt því að stefnt sé að uppbyggingu á svæðinu en ítrekar þó þessar fyrri umsagnir sínar og telur þær enn í fullu gildi. Þórhallur Jónsson lýsti sig vanhæfan og vék af fundi undir þessum lið.

2. Síðasta ár í tölum.

Hafnarstjóri fór ítarlega í gegnum tölulegar staðreyndir ársins 2020. Eins og áður hefur komið fram hefur Covid 19 faraldurinn haft veruleg áhrif á rekstur HN vegna færri skemmtferðaskipa en góðu fréttirnar eru þær að annar rekstur svo sem komur fiskiskipa, landaður afli, komur flutningaskipa og flutt magn um hafnir HN var sambærilegur og á síðustu árum.

3. Rafvæðing hafna.

Eitt umfangmesta verkefni hafna í dag er rafvæðing. Með mikilli endurnýjun íslenska fiskiskipaflotans og mikilli umhverfisvakningu í samfélaginu hefur krafa um öflugri rafmagnstengingar aukist mjög síðustu misseri. Eftir lengingu á Tangabryggju til suðurs hefur HN unnið að því að gera bryggjuna eins vel úr garði gerða til að anna óskum viðskiptavina um rafvæðingu eins og kostur er. Ráðgjafa hefur verið falið að útbúa útboðsgögn fyrir næsta áfanga sem gerir höfninni kleift að bjóða upp á 350 amp tengla sem mundi henta stærra fiskiskipum. Í kjölfarið verður síðan ráðist í annan áfanga en þó ber þess að geta að erfitt verður að ráðast í hann fyrr enn skýrari lína kemur frá stjórnvöldum um hvert skuli stefnt í þessari rafvæðingu. Nýlega sendi Hafnasamband Íslands erindi á Atvinnu- og auðlindaráðuneytið þar sem óskað var



eftir því að ráðuneytið hafi frumkvæði að því að stofna faghóp um verkefnið. Einhver vinna er þegar hafin í ráðuneytinu varðandi þetta.

4. Horfur varðandi skemmtiferðaskip.

Hafnarstjóri fór yfir nýjustu fréttir er varða siglingar skemmtiferðaskipa. Þrátt fyrir mikinn fjölda bókana skipa til hafna HN sumarið 2021 skýrist staðan ekki fyrr en í lok mars n.k.

5. Önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest með tölvupóstum.

Fundi var slitið kl. 17.50

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólína Freysteinsdóttir

Ólafur Rúnar Ólafsson

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
